

Mánudaginn 28. janúarmánaðar.

Nr. 10/1894:

Sigmundur Guðmundsson

gegn

Þorbjörgu Sveinsdóttur.

### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í hjeraði hin stefnda, yfirsetukona Þorbjörg Sveinsdóttir, gegn áfrýjandanum Sigmundi prentara Guðmundssyni fyrir líkamlegt ofbeldi og meiðyrði, og var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 13. júlí 1893 með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi samkvæmt 202. og 217. gr. almennra hegningarlaga greiða 100 kr. sekt í landssjóð eða til vara sæta 30 daga einföldu fangelsi. Svo skyldu hin átöldu meiðyrði um stefndu dauð og ómerk, og áfrýjandinn greiða allan kostnað málsins, eins og það væri eigi gjafsóknarmál. Þessum dómi, sem eigi sjest hafa verið birtur áfrýjandanum samkvæmt tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 14. febr. f. á., og hefur hann krafizt þess hjer fyrir rjettinum, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá undirdóminum og sjer til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, en til vara, að hann verði sýknaður með öllu, eða, enn til vara, að sektin verði færð talsvert niður. Hin stefnda hefur eigi mætt eða látið mæta af sinni hendi fyrir yfirdóminum.

Kröfu sína um frávisun málsins frá undirdóminum eða ómerking þess hefur áfrýjandinn byggt á því, að engin lögleg sáttatilraun hafi fram farið.

í málinu, með því að sjer hafi eigi verið birt sáttafyrirkallið á löglegan hátt, og hann því eigi mætt fyrir sáttanefndinni. — Að vísu var fyrirkallið birt áfrýjandanum á öðrum stað en heimili hans, en stefnuvottarnir hafa í áritun sinni á stefnuna tekið það fram, að áfrýjandinn hafi tekið birtinguna jafngilda og þótt birt hefði verið á heimili hans, og verður samþykki hans til þessa afbrigðis frá stefnubirtingarreglunum þar með að álitast sannað. Ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Að því er sjálft aðalefni málsins snertir, þá er brot áfrýjandans, er hann hefur verið dæmdur fyrir með hinum áfrýjaða dómi, í því fólgið, að 29. apríl 1893 rjeðst hann á hina stefndu á götu hjer í bænum án nokkurs tilefnis frá hennar hálfu og barði hana með staf bæði í handlegginn og þakið, svo að samkvæmt læknisskoðun, er fram fór daginn eptir, var þá á vinstra upphandlegg hennar stór marblettur að aptanverðu og mikil eymsli yfir um mjóhrygginn, en ekki áleizt, að meiðsliin að öðru leyti mundu hafa neinar alvarlegar afleiðingar fyrir stefndu. Svo nefndi áfrýjandi og stefndu við sama tækifæri ýmsum illum nöfnum, svo sem »þjóf« og »lygara«.

Fyrir framangreind ofbeldisverk og meiðyrði hefur áfrýjandinn verið rjettilega dæmdur af undirdómaranum samkvæmt 202. og 217. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, er í undirdóminum er ákveðin, eigi of hátt sett, og eins fellst yfir dómurinn á málskostnaðarákvæði undirdómsins.

Kröfur áfrýjanda um sýknun eða niðurfærslu hinnar í dæmdu sektar verða því eigi til greina teknar, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar er hin stefnda mætti eigi nje ljet mæta, fellur að sjálfsögðu niður. — Það vottast, að rekstur þessa gjafsóknarmáls í hjeradi hefur verið víta laus.

Því dæmist rjett að vera :

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 4. febrúarmánaðar.

Nr. 53/1894:

Rjettvísinn

gegn

Vilhjálm Ingimagnssyni og  
Guðnýju Sigurðardóttur.

Dómur :

Með dómi, upp kveðnum í aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. dag ágústmánaðar f. á. var hinn ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsi við vatn og brauð 3 × 5 daga, og til að greiða allan sakarkostnað, en hin meðákærða Guðný Sigurðardóttir var sýknuð af ákæru rjettvísinnar. Þessum dómi